



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 19. desember 2013 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8<sup>00</sup> á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

Oddviti gerði að tillögu sinni að sú breyting verði gerð á boðaðri dagskrá að fyrir verði teknir viðaukar við fjárhagsáætlun 2013 og þau erindi sem liggja fyrir fundinum undir dagskrárlíðnum „Bréf“ og varði fjárhagsáætlunargerðina verði formlega afgreidd áður en fjárhagsáætlun 2014 verði tekin til lokaumræðu og afgreiðslu. Samþykkt samhljóða.

### 1. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2013

Sveitarstjóri lagði fram skjal um samanburð rekstrar og áætlunar 2013 ásamt exelskjali með tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun 2013. Eftirfarandi tillaga að viðauka var bókuð:

Deild	Heiti	Áætlun 2013	Viðauki /ný áætlun	Breyting (í þús.)
00	Skatttekjur	-282.025	-302.759	-20.734
09	Skipulagsmál	21	1.900	1.878
10	Umferðarmál	8.088	10.400	2.312
21	Yfirstjórn	22.573	24.510	1.937
31	Eignasjóður v.hitaveitu	0	6.000	6.000
41	Hafnarsjóður -tekjuliðir	-33.485	-48.500	-15.015
	<b>Viðauki samtals</b>	<b>-284.828</b>	<b>-308.449</b>	<b>-23.621</b>

Tillagan og forsendur breytinga á tekjum og gjöldum var rædd en viðauki við fjárhagsáætlun 2013 síðan samþykktur samhljóða.

### 2. Erindi vegna fjárhagsáætlunar 2014

a. Farskólans, dags. 15. október 2013

Í bréfinu kemur fram ósk um óbreytt framlag frá yfirstandandi ári. Samþykkt.

b. Landsbyggðin lifi, dags. 2. október 2013

Í bréfinu kemur fram ósk um styrk að upphæð 100 þús. Erindinu hafnað.

c. USAH, dags. 30. september 2013

Í bréfinu kemur fram ósk um styrk að upphæð 350 þús. Samþykkt.



d. Stígamóta, dags. 20. október 2013

Með bréfinu er leitað eftir fjárstuðningi og samstarfi um rekstur Stígamóta. Sveitarstjórn hafnaði erindi um fjárstuðning.

e. Skíðadeildar Tindastóls, dags. 21. nóvember 2013

Með bréfinu er óskað eftir stuðningi við rekstur skíðasvæðisins í Tindastóli með fjárstuðningi til næstu 10 ára og jafnframt eftir að sveitarfélagið geri samstarfssamning um verkefnið. Samþykkt að leggja 250 þús. til skíðasvæðisins en ekki vilji til að gera bindandi samning um fjárframlög.

f. Egils Bjarka Gunnarssonar, dags. 23. september 2013

Í bréfinu sem er tölvubréf óskar hann eftir að útbænum verði meiri gaumur gefinn í gatnagerð og sérstaklega yfirborðsfrágangi gatna. Vísar hann sérstaklega til þess að Höfðastræti er enn malargata. Ekki var tekin formleg afstaða til þess hvort leggja skuli slitlag á götuna en sveitarstjóra falið að skoða kostnað við það með öðrum framkvæmdum ársins 2014.

Adolf lýsti vanhæfi sínu til afgreiðslu þeirra erinda sem taka þurfi fyrir undir dagskrárliðum g og h og vék af fundi við afgreiðslu þeirra.

g. Menningarfélagsins Spákonuarfs, dags. 13. desember 2013

Með bréfinu óskar Spákonuurfur eftir styrk að upphæð 1 milljón króna. Einnig er í bréfinu rakið hlutverk og verkefni sem Spákonuurfur hefur staðið fyrir síðan það var stofnað 2010. Erindið var samþykkt.

h. Golfklúbbs Skagastrandar, dags. 18. desember 2013

Með bréfinu óskar Golfklúbburinn eftir hækkun á framlagi til starfsemi klúbbsins í 1.750 þús. Jafnframt óskar klúbburinn eftir að gerður verði þriggja ára samningur milli sveitarfélagsins og golfklúbbsins um árlegan styrk til rekstur golfvallar að Háagerði. Samþykkt að framlag til klúbbsins verði 1.500 þús. og sveitarstjóra falið að gera í samráði við formann golfklúbbs, drög að samningi sem lagður verði fyrir sveitarstjórn.

### 3. Fjárhagsáætlun 2014 (seinni umræða)

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2014 til seinni umræðu. Umræður urðu um þær breytingar sem gerðar hafa verið að aflokinni fyrri umræðu sem og þeirra ákvarðana sem teknar voru undir dagskrárlið 2.

Sveitarstjórn samþykkti fjárhagsáætlun 2014 með áorðnum breytingum.

Í rekstraryfirliti áætlunar 2014 kemur fram að heildartekjur samstæðu eru áætlaðar 525.479 þús., þar af eru skatttekjur 358.929 þús. og rekstrartekjur 168.329 þús.

Rekstrargjöld eru áætluð 530.934 þús. þar af kostnaður vegna launa áætlaður 249.994



þús. Rekstrarniðurstaða er áætluð jákvæð um 9.409 þús. Í sjóðstreymi áætlunar er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri samstæðu verði jákvætt um 52.897 þús. Samanlagðar fjárfestingahreyfingar eru áætlaðar 84.600 þús. Að teknu tilliti til fjárfestinga og fjármögnunarhreyfinga er áætlað að handbært fé lækki um 41.703 þús. og handbært fé verði í árslok 597.562 þús.

#### **4. Priggja ára áætlun 2015-2017 (seinni umræða)**

Í fjárhagsáætlun 2015-2017 er gert ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu samstæðu öll áætlunarárin. Sveitarstjórn ræddi áætlunina en samþykkti hana síðan samhljóða.

#### **5. Byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks**

Fyrir fundinum lá afrit tölvupóstbréfs framkvæmdastjóra SSNV sem í samræmi við ákvarðanir aukapings SSNV sem haldið var 5. desember sl. og fund undirbúningsstjórnar sendir tillögu að bókun sem óskað er eftir að sveitarstjórnir taki fyrir í því skyni að gerast aðilar að nýju byggðasamlagi um málefni fatlaðs fólks Fyrir fundinum lágu jafnframt samþykktir fyrir byggðasamlagið sem gert er ráð fyrir að koma muni til afgreiðslu á stofnfundi. Samþykktirnar eru jafnframt stofnskjál byggðasamlagsins í samræmi við 94. grein Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Svohljóðandi bókun var samþykkt í samræmi við erindið sem lá fyrir fundinum: „Sveitarstjórn samþykkir að gerast aðili að byggðasamlagi um málefni fatlaðs fólks á grundvelli 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Aðilar að byggðasamlaginu eru: Akrahreppur, Blönduósþær, Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð, Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Sveitarfélagið Skagaströnd. Miðað er við að stofnfundur byggðasamlagsins verði haldinn fyrir lok janúar 2014. Sveitarstjórn veitir sveitarstjóra umboð til þess að sækja stofnfundinn og staðfesta aðild sveitarfélagsins með undirritun samþykta sem eru stofnskjál byggðasamlagsins, skv. 94. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Umboðið nær einnig til áritunar stofnefnahags, með fyrirvara um breytingar sem kunna að verða á því skjali.“

#### **6. Skýrsla KPMG um hagkvæmni sameiningar sveitarfélaga í A-Hún**

Fyrir fundinum lá skýrsla sem Oddur G. Jónsson, KPMG hafði unnið í samræmi við ákvarðanir sveitarstjórna í A-Hún á fundi í Skagabúð, 30. apríl 2013. Skýrslan byggir fyrst og fremst á upplýsingum úr reikningsskilum sveitarfélaganna og fjallar um fjárhagsleg áhrif þess ef sveitarfélög í A-Hún væru sameinuð í eitt sveitarfélag. Skýrslan hafði áður verið kynnt af höfundi á sameiginlegum fundi sveitarstjórnarmanna 3. desember sl. Skjalið sem lá fyrir fundinum var leiðrétt í samræmi við ábendingar sem fram komu í framhaldi af þeirri kynningu. Skýrslan var lögð fram en ekki gerðar ályktanir vegna hennar.



## 7. Bréf:

a. Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, dags. 23. október 2013  
Með bréfinu fjallar EFS um fjármál sveitarfélaga og fer fram á upplýsingar um fjármálastjórn sveitarfélaganna. Í bréfinu er óskað upplýsinga um með hvaða hætti sveitarstjórn stýrir og hefur eftirlit með fjármálum sveitarfélagsins frá mánuði til mánaðar og tilgreint árshlutauppgjör, gerð greiðslu- og launaáætlana ásamt skoðun efnahagsliða og gerð útkomuspár fyrir yfirstandandi reikningsár. Fyrir fundinum lá svarbréf sveitarstjóra þar sem fram kemur m.a. að sveitarstjórn muni fara yfir þau atriði sem koma fram í bréfi EFS í samráði við endurskoðanda sveitarfélagsins og leggja mat á og ákveða hvernig með verður farið í framhaldinu.

b. Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 15. nóvember 2013  
Með bréfinu er tilkynnt um áætlað framlag úr Jöfnunarsjóði vegna sérþarfa fatlaðra nemenda í grunnskólum fjárhagsárið 2014. Bréfið var til kynningar en upplýsingar um framlög voru hluti af fjárhagsáætlun 2014.

c. Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 24. október 2013  
Með bréfinu er tilkynnt um áætlað framlag úr Jöfnunarsjóði til nýbúafræðslu á fjárhagsárinu 2014. Bréfið var til kynningar en upplýsingar um framlög voru hluti af fjárhagsáætlun 2014.

## 8. Fundargerðir

a. Stjórnar Hafnarsambands Íslands, 13.12.2013  
Fundargerðin var til kynningar.

## 9. Önnur mál

Oddviti lagði til að veitt verði 150 þús. krónum til Hólaneskirkju og RKÍ deildar Skagastrandar sem sérstaklega verði ætlað til stuðnings við þá sem eru í fjárhagsörðugleikum um jólahátíðina. Samþykkt.

Umræður urðu um að hraðatakmarkanir í þéttbýli á séu nú miðaðar við 35 km hámarkshraða. Samþykkt að auglýsa þessa breytingu sérstaklega með dreifibréfi í hvert hús og að setja upp umferðarmerki.

Ýmis mál voru rædd án þess að sérstakar ályktanir hafi verið gerðar. Komu m.a. til tals sjúkrabílamál, sameining heilbrigðisstofnana og vinnumálastofnun.



Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 9.30

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Péturína L. Jakobsdóttir

Jensína Lýðsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson